



Borgarráð

Vogabyggð, skólpdælistöð

Óskað er eftir að borgarráð samþykki hjálagðan samning á milli Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitna sf., kt. 591213-0160 og Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149 um kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar vegna færslu skólpdælustöðvar í Vogabyggð.

Greinargerð.

Undirbúningur að breytingu og uppbyggingu Vogabyggðar úr iðnaðarhverfi í blandaða byggð á sér langan aðdraganda.

Samþykkt var rammaskipulagi fyrir nýja byggð í hverfinu árið 2014. Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að skólpdælustöð Veitna á Gelgjutanga í Vogabyggð 1 skyldi víkja vegna uppbyggingarinnar og breyttrar nýtingar. Í framhaldi af skipulagsvinnunni voru teknar upp viðræður við lóðarhafa í hverfinu.

Í samningum við lóðarhafa í Vogabyggð um uppbyggingu og þróun hverfisins var umsamið að núverandi skólpdælustöð myndi víkja og ný stöð byggð annarsstaðar á svæðinu. Við afgreiðslu deiliskipulagsáætlana fyrir Vogabyggð 1 og 5 var ákvörðunin staðfest og ákveðin var ný lóð fyrir dælistöðina sem var valin staður á svokölluðum Fleyvangi á svæði 5.

Í samningum við lóðarhafa var samið um að áætluð kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar vegna flutnings stöðvarinnar væri innifalin í áætluðum uppbyggingarkostnaði hverfisins, sem lóðarhafar samþykktu að taka þátt í með svokölluðum innviðagreiðslum.

Nú liggur loks fyrir samningur við Orkuveitu Reykjavíkur um kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar vegna færslu skólpdælustöðvarinnar og aukins kostnaðar vegna nýrrar staðsetningar. Hlutdeild Reykjavíkurborgar tekur annars vegar mið af áætluðu endurstofnvirði núverandi skólpdælustöðvar í Vogabyggð 1 að teknu tilliti til afskrifta á húsi og búnaði og hins vegar auknum kostnaði Veitna vegna nýrrar staðsetningar, s.s. lagning sérstakrar þrýstivatnslagnar undir Voginn, stálpili, tengibrunnum o.fl.



Reykjavíkurborg

Fjárhæðir þessar eru sundurliðuð í fylgiskjöllum 1, 2 og 3 með samningnum.

Hlutdeild Reykjavíkurborgar ákvarðast 60% af þessum kostnaði og er hún vegna þessa þátta samtals 291.660.000 kr. Fjárhæðirnar framreiknast í samræmi við þróun byggingarvísitölu, sbr. 5. gr. samningsins.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Samningsdrög um kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar vegna færslu skólpdælustöðvar í Vogabyggð.

Minnisblað EFLU 5114-126-MIN-002-V01 Mat á kostnaðarskiptingu. fráveitudælustöðvar Veitna við Gelgjutanga, dags. 17.12.2019.

Minnisblað EFLU, dags. 02.10.2020, 5114-158-003-V02, Kostnaður vegna tilfærslu dælustöðvar.

Minnisblað EFLU 5114-126-MIN-001-V03, Mat á endurstofnsvirði fráveitustöðvar Veitna við Gelgjutanga, dags. 17.12.2019.

Verkáætlun frá Verkís – „Verkáætlun – Heild“, dags. 9.2.2022.

Undirritaðir aðilar, annars vegar Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita sf. kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefnd Veitur og hins vegar, Reykjavíkurborg – eignasjóður, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, hér eftir Reykjavíkurborg, gera með sér svohljóðandi

samning um kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar vegna færslu skólpdælustöðvar í Vogabyggð

1. gr.

Verkefnið

Tilurð samnings þessa er að rekja til deiliskipulagsáætlana Reykjavíkurborgar sem gera ráð fyrir að skólpdælustöð Veitna ohf. í Vogabyggð færist frá Gelgjutanga út á Fleyvang í Vogabyggð 5.

Flutningur og ný staðsetning skólpdælustöðvarinnar hefur í för með sér talsverðan kostnað sem Reykjavíkurborg samþykkir að endurgreiða að hluta.

2. gr.

Samningsgögn

Eftirfarandi gögn eru hluti af samningi þessum og teljast hluti hans:

- Minnisblað EFLU 5114-126-MIN-002-V01 Mat á kostnaðarskiptingu. fráveitudælustöðvar Veitna við Gelgjutanga, dags. 17.12.2019.
- Minnisblað EFLU, dags. 02.10.2020, 5114-158-003-V02, Kostnaður vegna tilfærslu dælustöðvar.
- Minnisblað EFLU 5114-126-MIN-001-V03, Mat á endurstofnsvirði fráveitustöðvar Veitna við Gelgjutanga, dags. 17.12.2019.
- Verkáætlun frá Verkís – „Verkáætlun – Heild“, dags. 9.2.2022.

3. gr.

Kostnaðarskipting

Hlutdeild Reykjavíkurborgar tekur mið af endurstofnsvirði núverandi skólpdælustöðvar við Gelgjutanga í Vogabyggð 1 að teknu tilliti til afskrifta, auk þess sem tekið er þátt í sértækum kostnaði við uppbyggingu á nýjum stað.

Áætlað endurstofnverð núverandi skólpdælustöðvar var metið 246.500.000 kr. Að teknu tilliti til afskrifta á búnaðinum er hlutdeild Reykjavíkurborgar metin 60% af endurstofnverðinu eða samtals 147.900.000 kr. Fjárhæðin skal uppreiknuð á útgáfudögum reikninga skv. 4. gr. m.v. byggingarvísitölu (sbr. grunnur 2009, grunnvísitala 146,7 stig).

Hlutdeild Reykjavíkurborgar í auknum kostnaði vegna nýrrar staðsetningar, s.s. þrýstivatns-lögn undir Ketilbjarnarsýki, stálþil, flóknari jarðvinnu, tengibrunna, aflmeiri dælubúnaðar vegna tilfærslu dælustöðvar skal skipt í sama hlutfalli og varðandi endurstofnverð núverandi

skólpdælustöðvar eða sem nemur 60%. Samkvæmt áætlun Eflu er viðbótarkostnaður þessi metinn 239.600.000 kr. Hlutdeild Reykjavíkurborgar er þá 60% af þeirri fjárhæð eða samtals 143.760.000 kr. Fjárhæðin skal uppreiknuð á útgáfudögum reikninga skv. 4. gr. m.v. byggingarvísitölu (sbr. grunnur 2009, grunnvísitala 148,4 stig).

Liðurinn „niðurrif og förgun“ núverandi skólpdælustöðvar var metinn á 7.800.000 kr. og er talinn ótengdur endurstofnvirði. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að greiða 60% af raunkostnaði við þennan lið og skal þessi þáttur gerður upp þegar framkvæmdinni er lokið og allur kostnaður liggur fyrir.

4. gr.

Greiðslur og greiðslufyrirkomulag

Reykjavíkurborg skal greiða samkvæmt eftirfarandi áætlun:

45% af umsömdum fjárhæðum skv. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. samnings þessa fyrir 30. september 2022.

40% af umsömdum fjárhæðum skv. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. samnings þessa fyrir 30. september 2023.

15% af umsömdum fjárhæðum skv. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. samnings þessa auk hlutdeildar í kostnaði við niðurrif og förgun núverandi dælustöðvar greiðist eigi síðar en 3 mánuðum eftir að framkvæmd er lokið.

5. gr.

Útgáfa reikninga

Veitur munu senda Reykjavíkurborg reikninga og skulu gjalddagar vera í samræmi við ákvæði 4. gr. samnings þessa. Endanlegar upphæðir verða reiknaðar út miðað við gildandi byggingarvísitölu við útgáfu reiknings.

6. gr.

Framkvæmdatími

Framkvæmdir á vegum Veitna við byggingu nýrrar skólpdælustöðvar hófust í kjölfarið af undirritun samnings við jarðvinnuverktaka um 1. áfanga verksins þann 25.09.2020.

Samkvæmt tímaáætlun er áætlað að niðurrif á núverandi skólpdælustöð í Vogabyggð 1 og tengingum ljúki um miðjan desember 2023. Endanleg verklok að loknum prófunum eru áætluð í janúar 2024.

Staða framkvæmda þann 30.3.2022 er þessi:

Búið er að leggja þrýstilagnir og ídráttarrör undir voginn. Tenging framhjáhlaups er um það bil lokið á Gelgjutanga. Uppsteypu miðar vel áfram en þó er talsverð vinna eftir. Búið er að bjóða út og panta dælur og brúkrana. Verið er að undirbúa útboð á rafstöð og uppsetningu búnaðar. Gögn vegna útboðs á niðurrifi eru í vinnslu og mun útboðið fara fram skv. verkáætlun.

7. gr.

Frumrit samnings, o.fl.

Samningur þessi samanstendur af þremur tölusettum blaðsíðum auk fylgiskjala, sem talin eru upp í 2. gr. samningsins.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Rísi mál vegna samnings þessa, sem aðilar ná ekki að greiða úr með samkomulagi, skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 2022.

F.h. Reykjavíkurborgar – eignasjóðs

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns og fráveitu sf.

með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Vitundarvottar:

kt.

kt.

MINNISBLAÐ

5114-126-MIN-002-V01

DAGS.

17.12.2019

MÁLEFNI**Mat á kostnaðarskiptingu fráveitudælustöðvar Veitna við Gelgjutanga****SENDANDI**

Kristleifur Guðjónsson (EFLA)

DREIFING

Jón Tryggvi Guðmundsson (Veitur)

Jón Trausti Kárason (Veitur)

Inngangur

Veitur hafa beðið EFLU um að meta kostnaðarskiptingu vegna vélbúnaðar og byggingar milli Reykjavíkurborgar og Veitna vegna fyrirhugaðra breytinga á Gelgjutanga. EFLA hefur þegar gefið út minnisblaðið *5114-126-MIN-001-V03 Mat á endurstofnvirði fráveitudælustöð Veitna við Gelgjutanga*. Þar er að finna áætlað endurstofnverð byggingar (skipt í þró og byggingu ofan jarðar), vélbúnaðar, lagnar í jörðu og spennistöðvar.

Forsendur

Stuðst var við verklagsreglu Veitna LAA-170-1.0 um kostnaðarskiptingu vegna færslu lagna í eigu Veitna. Gert er ráð fyrir því að veitulagnir og spennistöðvar fylgi fyrrnefndri verklagsreglu. Línurit var heimfært á sambærilegu formi fyrir byggingu annars vegar og vélbúnað hins vegar. Áætlaður líftími þróar er 80 ár, byggingar ofan jarðar er 50 ár og vélbúnaðar 25 ár.

Umtalsverðar endurbætur hafa orðið á vélbúnaði á líftíma stöðvarinnar og áætlað er að meðalaldur vélbúnaðar sé 14 ár. Aldur byggingarinnar ofan jarðar og þróarinnar eru áætluð 34 ár.

Verð eru fengin úr ofangreindu minnisblaði.

Kostnaðarskipting

Miðað við forsendurnar að ofan má áætla að kostnaðarhlutfall Veitna og Reykjavíkur (RVK í töflunni) sé eins og taflan að neðan sýnir:

HLUTI MANNVIRKIS	ENDURSTOFNVERÐ	HLUTDEILD VEITNA	HLUTDEILD RVK	KOSTNAÐUR RVK
Bygging ofan jarðar	37.318.000 kr.	64%	36%	14.180.840 kr.
Þró	30.532.000 kr.	30%	70%	21.372.400 kr.
Vélbúnaður	60.300.000 kr.	50%	50%	30.150.000 kr.
Lagnir í jörðu	95.900.000 kr.	30%	70%	67.130.000 kr.
Spennistöð	22.450.000 kr.	30%	70%	15.715.000 kr.
Samtals	246.500.000 kr.	39,74%	60,26%	148.548.240 kr.

MINNISBLAÐ

5114-158-MIN-003-V02

DAGS.

02.10.2020

MÁLEFNI**Kostnaður vegna tilfærslu dælustöðvar****SENDANDI**

Kristleifur Guðjónsson (EFLA)

DREIFING

Jón Tryggvi Guðmundsson (Veitur)

Jón Trausti Kárason (Veitur)

Aukinn kostnaður rakinn beint til nýrrar staðsetningar

Veitur hafa óskað eftir aðstoð EFLU við að framkvæma mat á kostnaði sem tilkominn er vegna nýrrar staðsetningar dælustöðvar sem nú er staðsett á Gelgjutanga. Ný dælustöð verður reist í Naustavogi. Nýja staðsetningin í Naustavoginum liggur lægra en núverandi stöð og með þessari nýju staðsetningu skapast ýmsar áskoranir.

Umræddur kostnaður felst einna helst í eftirfarandi þáttum:

- Þrýstilagnir yfir voginn og aðrar lagnir í lóð.
- Stálþil utan um tengibrunn, lagnir og byggingu.
- Flóknari jarðvinna vegna hæðar yfir sjávarmáli.
- Tengibrunnur og frárennislögn frá tengibrunni að dælustöð.
- Móttökubrunnur Gelgjutangamegin.
- Aðstaða og búnaður fyrir hreinsisvín til að hreinsa þrýstilagnir.
- Aflmeiri dælubúnaður.
- Jarðfestingar fyrir byggingu.
- Stoðveggur Gelgjutangamegin til að koma í veg fyrir jarðrask vegna nýrra bygginga í grenndinni.

Reynt verður að meta kostnað vegna þessara hluta, en að mörgu leyti eru þessir þættir innbakaðir í aðra þætti í nýrri stöð. Við mat á þessum kostnaði er gert ráð fyrir að afköst séu sambærileg núverandi dælustöðvar á Gelgjutanga. Núverandi steipt sjálfrennislögn frá Naustavogi yfir á Gelgjutanga leggst af.

Tafla 1 á næstu síðu hér að neðan tekur saman helstu kostnaðarliði sem eru beint raktir til annarrar og óhagstæðari staðsetningar. Allar kostnaðartölur eru með VSK inniföldum.

Tafla 1

VERKHLUTI	ENDURSTOFNVERÐ
Tengibrunnur og frárennislögn frá tengibrunni að dælustöð	57.000.000
Stálpil við tengibrunn, efni, uppsetning og frágangur	15.950.000
Jarðvinna m/ efni	6.850.000
Tengibrunnur og frárennislögn m/vinnu við tengingar og lokanir	34.200.000
Jarðvinna og uppsetning stálpils utan um dælustöð	41.000.000
Jarðvinna m/ efni - aukalega m.v. Gelgjutanga	10.100.000
Stálpil utan um dælustöð, efni, uppsetning og frágangur	30.900.000
Jarðfestingar (ankeringar) og önnur aukavinna við klöpp	6.000.000
Aflmeiri dælubúnaður	7.500.000
Aðstaða og búnaður fyrir hreinsisvín	6.800.000
Húsbygging	4.450.000
Búnaður fyrir hreinsisvín	2.350.000
Þrýstilagnir og aðrar lagnir	96.000.000
Lögn frá móttökubrunni	4.100.000
Þrýstilögn frá stöð að móttökubrunni	87.000.000
Vélbúnaður, tengingar og frágangur við lagnir beggja megin við móttökubrunn	4.900.000
Móttökubrunnur og tenging inn í núverandi kerfi	7.000.000
Jarðvinna og lagnatengingar	3.900.000
Móttökubrunnur	3.100.000
Stoðveggur	18.300.000
Jarðvinna	3.250.000
Steypt mannvirki	15.050.000
Samtals	239.600.000 kr.

Frekari útskýringar

Gert er ráð fyrir um 710 m² stálpili í utan um dælustöð, frárennislögn og tengibrunn, með tilheyrandi vinnu, efni og rofvörn í fjöru. Öryggismál, dælingar úr brunni og aðstaða bætast við sökum hæðar miðað við sjávarmál.

Jarðfestingar og önnur aukavinna fela í sér sprengingar og niðurbrot á klöpp og jarðfestingar eru nauðsynlegar vegna dýptar á skólphólfum mannvirkis. Gert er ráð fyrir að um 400m³ af klöpp þurfi að losa.

Þar sem lega stöðvarinnar er lægri en á Gelgjutanga er þörf á aflmeiri dælubúnaði en ef stöðin væri staðsett við Gelgjutanga. Auk þess verður dæluleið lengri og reikna má með auknum töpum í þrýstilögnum sem eru 115m PEH 1200, SDR 26.

Aðstaða og búnaður fyrir hreinsisvín er mikilvægt að hafa til að hreinsa þrýstilagnir og er nauðsynlegt í Naustavoginum þar sem lega stöðvarinnar er lægri en á Gelgjutanga. Móttökubrunnur þarf að vera nægilega stór til að geta tekið við hreinsisvíni og hýst nauðsynlegan búnað.

Stoðveggur er nauðsynlegur áður en grafið er fyrir brunnum nærri byggð í grennd við Gelgjutanga.

MINNISBLAÐ

5114-126-MIN-001-V03

DAGS.

17.12.2019

MÁLEFNI**Mat á endurstofnvirði fráveitudælustöð Veitna við Gelgjutanga****SENDANDI**

Kristleifur Guðjónsson (EFLA)

DREIFING

Jón Tryggvi Guðmundsson (Veitur)

Jón Trausti Kárason (Veitur)

Forsendur

Áður en endurstofnvirði er metið eru forsendur ákvarðaðar. Í þessu tilfelli eru allir þeir byggingarhlutar og búnaður tekinn með í reikninginn sem ekki nýtist áfram sé dælustöðin fjarlægð. Miðað er þá við fasteignina sjálfa, vélbúnað, lagnir í jörðu og spennistöð. Öll verð eru með VSK og búast má við frávikum upp á -5% til +20%.

Við mat á endurstofnvirði höfum við áætlað kostnað við að reisa annað mannvirki á sama stað sem hefur í það minnsta sömu afköst og núverandi stöð. Teikningar sem stuðst eru við eru teikningar frá Byggingarfulltrúa Reykjavíkur eftir Gunnar Hansson arkitekt og lukor.or.is. Einnig er stuðst við sjónskoðun og myndir sem teknar voru í vettvangsferðum í nóvember 2019.

Við mat á endurstofnvirði eru niðurrif ekki meðtalin, en til fróðleiks er sá kostnaður hafður með í minnisblaðinu.

Mat á endurstofnvirði**1. Bygging**

- Gröftur og brottakstur á jarðvegi
- Rekstur og stjórnun vinnustaðar
- Fylling undir hús og að sökklum
- Steypumót í þró
- Veggjamót ofanjarðar
- Steypa
- Járnalögn
- Frágangur steypufirborðs
- Vélslípun á plötu
- Einangrun og klæðning útveggja
- Útihurð með frágangi
- Þakvirki, burður og frágangur þaks
- Frágangur innanhúss
- Raflagnir, lagnir og loftræsing
- Frágangur á lóð
- Annað óupptalið

2. Vélar

- Dælur
- Hlaupaköttur og fylgihlutir
- Hæðarmælar
- Rennslismælar
- Hraðabreytar
- Skápar
- Forritun
- Lokar
- Renniloka
- Uppsetning á búnaði
- Annað óupptalið

3. Lagnir í jörðu

- Undirbúningur
- Stofnlögn frá þeim punkti þar sem tenging inn í nýja stöð er, yfir voginn og að gömlu stöðinni
- Efni, vinna og vélar.

4. Spennistöð

- Háspennuskápur
- Spennir (háspennu)
- Háspennustrengir
- Háspennustaurar
- Lágspennuskápur
- Aflofar (lágspennu)
- Mælsastöð (lágspennu)
- Lágspennustrengir, tengingar og lagnaleiðir
- Jarðskaut og spennujöfnun
- Annar lágspennubúnaður og merkingar
- Uppstólað gólf með stálbitum og sérsníðnum stálplötum.
- Útihurð og loftristar.

Samantekt:

VERKHLUTI	ENDURSTOFNVERÐ
1. Bygging	67.850.000 kr.
<i>Þar af</i>	
a) Bygging ofan jarðar	37.318.000 kr.
b) Þró	30.532.000 kr.
2. Vélbúnaður	60.300.000 kr.
3. Lagnir í jörðu	95.900.000 kr.
4. Spennistöð	22.450.000 kr.
Samtals	246.500.000 kr.

Endurstofnvirði fráveitudælustöðvarinnar er metið 246.500.000 kr.

Líftími mannvirkis

Byggingunni er skip í sambærilega flokka þegar líftíma byggingarinnar er skoðaður. Flokkarnir eru þeir sömu utan byggingarinnar sem skiptist í steypa þró og byggingu ofan jarðar.


HLUTI MANNVIRKIS	ÁÆTLAÐUR LÍFTÍMI
1. Bygging ofan jarðar	50 ár
2. Vélbúnaður	25 ár
3. Lagnir í jörðu	80 ár
4. Spennistöð	50 ár
5. Steypt þró	80 ár

Líftími mannvirkisins er áætlaður 25-80 ár eftir mannvirkishlutum eins og sjá má að ofan.

Niðurrif og förgun

Ótengt endurstofnvirði eru forsendur gefnar fyrir niðurrif þar sem núverandi bygging ofan jarðar er rifin ásamt efstu 2 metrunum af þrónni. Þróin yrði svo fyllt. Áætlaður kostnaður við niðurrif og förgun er 7.800.000 kr.

[illegible]



19068-001: Skólpdælustöð við Naustavog			Heildar verkaáætlun_A3												2022-02-10 08:44																							
Activity ID		Activity Name	2022												2023												2024											
			Jan	Feb	Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	Sep	Oct	Nov	Dec	Jan	Feb	Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	Sep	Oct	Nov	Dec	Jan	Feb	Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	Sep			
	A2010	Útboð					◆	Útboð																														
	A2020	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur					▽	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur																														
	A2030	Framleiðsla og flutningur					▽	Framleiðsla og flutningur																														
	A2050	Afhending á verkstað						◆	Afhending á verkstað																													
	Innkaup - Einstreymis- og rennilokar																																					
	Ráðgjöf - Innkaup																																					
	A9150	Útboð					◆	Útboð																														
	A9160	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur					▽	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur																														
	A9170	Framleiðsla og flutningur					▽	Framleiðsla og flutningur																														
	A9190	Afhending á verkstað						◆	Afhending á verkstað																													
Innkaup - Skynjarar																																						
Ráðgjöf - Innkaup																																						
A9210	Útboð					◆	Útboð																															
A9220	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur					▽	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur																															
A9230	Framleiðsla og flutningur					▽	Framleiðsla og flutningur																															
A9250	Afhending á verkstað						◆	Afhending á verkstað																														
Innkaup - Brúkrani																																						
Ráðgjöf - Innkaup																																						
A2110	Afhending á verkstað						◆	Afhending á verkstað																														
Innkaup - Rafstöð (vara)																																						
Ráðgjöf - Innkaup																																						
A2120	Útbúa útbóðsgögn					▽	Útbúa útbóðsgögn																															
A2130	Útboð						◆	Útboð																														
A2140	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur					▽	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur																															
A2150	Framleiðsla og flutningur					▽	Framleiðsla og flutningur																															
A2170	Afhending á verkstað						◆	Afhending á verkstað																														
Innkaup - Hrætur																																						
Ráðgjöf - Innkaup																																						
A9260	Útbúa útbóðsgögn					▽	Útbúa útbóðsgögn																															
A9270	Útboð						◆	Útboð																														
A9280	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur					▽	Útboðstímabil, samanburður á tilboðum og samningur																															
A9290	Framleiðsla og flutningur					▽	Framleiðsla og flutningur																															
A9300	Afhending á verkstað						◆	Afhending á verkstað																														